

Atli Harðarson

Hugleiðing um nýja útgáfu af *Kommúnistaávarpinu*

Á síðasta ári kom þýðing Sverris Kristjánssonar á *Kommúnistaávarpinu* eftir Karl Marx (1818–1883) og Friedrich Engels (1820–1895) út sem lærdómsrit hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Í bókinni eru, auk *Kommúnistaávarpsins* (á síðum 163–223), inngangur eftir Pál Björnsson (á síðum 9–55) og *Aldarminning Kommúnistaávarpsins* eftir þýðandann, Sverri Kristjánsson, (á síðum 56–159).

Þetta er vönduð útgáfa og þýðing Sverris er á skínandi máli og, eftir því sem ég best fæ séð, afar vel unnin.

Í inngangi Páls er fjallað með skilmerkilegum hætti um íslenskar þýðingar á *Kommúnistaávarpinu* og útgáfur þeirra og einnig um viðtökurnar sem þær fengu. Þarna segir meðal annars frá því að það var gefið út í 5.000 eintökum árið 1924 í þýðingu Einars Olgeirssonar (1902–1993) og Stefáns Péturssonar (1898–1987). Aldarfjórðungi seinna kom ávarpið svo út í þýðingu Sverris Kristjánssonar sagnfræðings (1908–1976). Sú þýðing var gefin út fjórum sinnum á síðustu öld í samtals yfir 5.000 eintökum. Bókin sem er tilefni þessara skrifa er því 6. útgáfa *Kommúnistaávarpsins* á íslensku og 5. útgáfan á þýðingu Sverris.

Kommúnistaávarpið er stutt rit. Það skiptist í fjóra kafla. Sá fyrsti lýsir meginatriðunum í hugmyndum Marx og Engels um samfélagið og þróun þess. Annar hlutinn lýsir pólitískri stefnu þeirra. Í þeim þriðja greina höfundar frá hugmyndum sínum um sögu sósíalisma á fyrri hluta 19. aldar. Í fjórða og langstysta hlutanum leggja þeir skoðanabræðrum sínum línur um hvaða flokkum þeir geti helst starfað með.

Seiðmagn kommúnismans

Aldarminning Kommúnistaávarpsins sem Sverrir Kristjánsson skrifaði árið 1948 er merkilegur texti sem ég hygg að gefi góða innsýn í hugarheim kommúnista um miðja síðustu öld. Sverrir var þess fullviss að hægt væri að hrinda hugsjónum Marx og Engels í framkvæmd og að það hefði verið gert austur í Rússlandi:

Sósíalisminn er ekki lengur draumur eða hugarburður ánauðugra manna né heldur fræðileg framtíðarsýn. Sósíalisminn er lifandi þjóðfélag vinnandi manna. Þetta þjóðfélag gnæfir ekki lengur yfir mönnum eins og annarlegt afl, sem ekki er af mannsins heimi. Þetta þjóðfélag er þeirra verk, og þeir vita það. Hver óbreyttur verkamaður í ríki sósíalismans getur sagt með meira rétti en sólarakonungur Versala sagði um ríki sitt: *Sósíalisminn – það er ég!* Það er með öllu tilgangslaust að vera með einhverjar vangaveltur út af því, hvort sósíalisminn sé „framkvæmanlegur“. Hann hefur þegar verið framkvæmdur. Á unga aldri hefur hann orðið að þola hina hörðustu raun og gengið tvíefldur út úr hverri þraut. Sósíalisminn er engin spurning lengur. Hann er staðreynd.

Tilverumöguleiki sósíalismans er útrætt mál. (s. 149–150)

Víst var það rétt hjá Sverri að árið 1948 var til þjóðfélag sem sósíalistar eða kommúnistar stjórnðu. Vafamál er þó hvort sósíalismi hafi nokkru sinni verið framkvæmdur í þeim skilningi að sósíalískt hagkerfi næði að brauðfæða heila þjóð. Þar sem fólk hefur fengið sæmilega að borða í ríkjum kommúnista hefur dreifstýrt hagkerfi hjarað við hlið áætlanabúskaparins. En hvað sem því líður eru þessi orð Sverris merkileg og upplýsandi því að í þeim er fólgið nokkuð af því sem helst gefur

kommúnismanum seiðmagn sitt. Hér hef ég einkum í huga drauminn um að menn taki örlög sín í eigin hendur – hagi samfélagi sínu og lífi eftir meðvituðum hugsjónum: „Þetta þjóðfélag er þeirra verk, og þeir vita það.“

Þessi draumur er vitaskuld fjarri öllum raunveruleika. Þjóðfélög eru ekki búin til neitt frekar en tungumál eða menningarhefðir. Þau hafa orðið til á löngum tíma og enginn er þess umkominn að kalla heilt ríki eða samfélag sitt verk.

Við lærum að átta okkur á siðum, lögum, vinnumarkaði, tækni, hefðum, samskiptaháttum, réttindum og skyldum að einhverju marki. En ýmislegt í mannlífinu skiljum við aðeins til hálf og annað alls ekki. Í reynd gengur þeim því heldur brösótt sem reyna að umskapa heilar þjóðir.

Kenning sem segir mönnum að þeir geti þrátt fyrir allt tekið örlögin í eigin hendur og mótað ríki sitt með meðvituðum ákvörðunum er samt vís til að heilla þá sem eru orðnir pirraðir á veruleikanum og þykir ergilegt hvað heimurinn er harður og sljór. Hluti af aðdráttarafli kommúnismans er fólgið í þessum draumórum um algeralega meðvitaða og „frjálsa“ stjórn mannfólksins á tilveru sinni.

Ópíum fyrir menntamenn

En hefur kommúnisminn ekki sungið sitt síðasta? Munu ekki aðrir draumar um fullkomnara samfélag taka við? Það telja sumir, eins og til dæmis Richard Pipes. Árið 2001 kom út bók eftir hann sem heitir *Communism: A Brief History* og kallast í íslenskri þýðingu *Kommúnisminn: Sögulegt ágrip*. Í formála bókarinnar segir Pipes:

Bók þessi er jöfnum höndum kynning á kommúnismanum og minningargrein hans. Það er deginum ljósara að jafnvel þótt leitin að fullkomnum félagslegum jöfnuði, sem hefur verið leiðarljós útópískra kommúnista frá fornu fari, hefjist einhvern tíma að nýju mun hún ekki beinast í farveg marxisma-lenínisma. Ósigur þess síðarnefnda er svo afgerandi að jafnvel arftakar sovét-kommúnistanna í Rússlandi og annars staðar hafa hafnað lenínismanum og í hans stað tvinnnað saman því sem henta þykir úr lýðræðislegri jafnaðarstefnu og þjóðernishyggi. (s. 9)¹

Þrátt fyrir þessi minningarorð virðist marxismi enn lifa meðal menntamanna. Og hví skyldi hann ekki gera það? Rökin gegn honum voru næstum jafn góð 1968 eins og núna.

Það skiptir varla máli hvort rifjað er upp þúsund sinnum eða tvöþúsund sinnum hvað kommúnistar myrtu marga á síðustu öld. Það má líka einu gilda hvort dæmin um skipbrot miðstýrðra hagkerfa eru 50 eða 100 – þeir sem ekkert læra af fáum dæmum læra ekki heldur af mörgum og ef menn gátu heillast af marxisma fyrir 40 árum þá geta þeir það eins í dag. Hugmyndir sem voru ópíum fyrir menntamenn fyrir hálfri öld eru enn jafn vanabindandi – því eins og næstum allir vita, nema kannski marxistar, breytist sálarlíf fólks hvorki hratt né auðveldlega.

Marxistar líta á kenningu sína sem stjórnspeki fyrir verkafólk. Víst hafa ýmis stefnumál kommúnistaflokka átt fylgi hjá stórum hópum verkmanna en heimspeki Marx og Engels hefur miklu fremur höfðað til menntamanna en verkafólks. Þessi heimspeki hefur ekki mótast vegna reynslu manna af starfi í verkalyðsfélögum eða neinu slíku. Jarðvegurinn sem hún á rætur í er hjá kjaftastéttum fremur en erfiðismönnum. Ég er svo sem enginn sagnfræðingur og treysti mér ekki til að fullyrða nákvæmlega hvaða hópar stóðu að baki valdatöku kommúnista í löndum sem þeir hafa náð undir sig. En af því litla sem ég hef lesið finnst mér flest benda til að verkamenn hafi hvergi leitt

¹ Tilvitnun tekin úr íslenskri þýðingu Jakobs F. Ásgeirssonar og Margrétar Gunnardóttur sem kom út árið 2005 hjá bókaforlaginu Uglu.

og stjórnað byltingu fyrr en Samstaða (Solidarność) steypiti kommúnistum af valdastóli í Póllandi á níunda áratug síðustu aldar. Sú verklýðsbylting var í nafni stefnu sem er svo andstæð kommúnisma sem mest getur verið. Ég held að flestir sem að henni stóðu hafi tekið miklu meira mark á páfanum í Róm heldur en þeim Marx og Engels.

Saga marxismans verður ekki rétt sögð, nema að litlu leyti, ef menn reyna að gera hana að hluta af sögu um réttindabaráttu verkafólks og sókn til aukins jafnréttis. Marxisminn er fyrst og fremst hluti af umræðuhefð meðal róttækra og byltingarsinnaðra menntamanna í Vestur-Evrópu á 18. og 19. öld. Stór hluti af franskri tískuheimspeki síðustu áratuga er framhald af henni svo ef til vill má líta svo á að þessi hefð lifi enn.

Marx og Engels eru í hópi með Jean-Jacques Rousseau (1712 – 1778), Thomas Paine (1737 –1809), Mikhail Bakunin (1814 –1876) og fleiri sem dreymdi um að kollvarpa ríkjandi samfélagsskipan og byggja betri heim frá grunni. Kenning þeirra um samfélagið hefur einkenni sem eru sameiginleg þessum róttæklingum öllum. Tvö þessara einkenna eru sérlega áhugaverð að mínu viti. Annað er viðleitnin til að einfalda félagslegan veruleika. Hitt er hvernig hugsjónin um frelsi er spunnin upp í þær hæðir að hún missir á endanum allt jarðsamband.

Einföldun veruleikans

Í byrjun fyrsta hluta *Kommúnistaávarpsins* stendur:

En öldin, sem vér lifum á, öld borgarastéttarinnar, er að því leyti frábrugðin fyrri tímabilum, að hún hefur gert stéttaandstæðurnar óbrotnari. Gervallt þjóðfélagið skiptist æ meir í tvo mikla fjandmannaflokka, í tvær meginstéttir, er standa andspænis hvor annarri, augliti til auglitis: borgarastétt og öreigalýð. (s. 176–7)

Í framhaldinu lýsa Marx og Engels iðnríkjum 19. aldar eins og þar væru aðeins tveir hópar manna og báðir harla einsleitir innbyrðis: Iðjulausir auðmenn sem eiga allt og eignalausir verkamenn sem vinna alla vinnuna.

... Þeir sem vinna í borgaralegu þjóðfélagi, eignast ekki neitt, en þeir sem eignum safna, vinna ekki neitt. (s. 198)

Allt það flúr sem einkenndi samfélög fyrri tíma kveða þeir á bak og burt. Um þetta er allmikið málskrúð sem Sverrir þýðir á íslensku með miklum glæsibrag:

Þar sem borgarastéttin hefur tekið völd, hefur hún lagt í auðn alla lífshætti aðaldóms og húsbóndaveldis, og hinna sælu sveita. Hún hefur án allrar miskunnar slitið hin listofnu lénsbönd, er tengdu saman yfirmenn og undirgefna og enga aðra taug eftir skilið manna á milli en bláber hagsmunabönd, sálarlaust silfrið og goldinn verð. [...] Í stuttu máli sagt: Í stað arðráns, sem hjúpað var trúarlegu og pólitísku táli, hefur hún sett sitt arðrán, nakið, blygðunarlaust, krókalaust og kalt. (s. 178–9)

Þessi mynd af samfélögum Vestur-Evrópu var fjarri öllum sanni um miðja 19. öld þegar stór hluti fólks bjó enn í sveitum. Hún er jafn fjarri sanni nú og er það bæði vegna þess að í reynd liggja margskonar þræðir frá manni til manns aðrir en hagsmunabönd og vegna þess að togstreita um hagsmunum er

miklu margbreytilegri en svo að hægt sé að lýsa henni sem átökum tveggja stétta. Launamenn skiptast í fjölmargar sérfræðistéttir, eignarhald á fjármagni er dreift um króka og kima í samfélaginu og hagsmunaaðrekstrar eru ekkert síður innbyrðist milli þeirra sem lifa á arði af eignum eða milli ólíkra hópa launþega heldur en milli stóreignamanna og verkafólks. Þessi ofureinföldun á samfélaginu kemur ekki heim við neinn veruleika. Samt létu Marx og Engels eins og um blákaldar staðreyndir væri að ræða þegar þeir vörðu stefnu sína:

Oss kommúnistum hefur verið brugðið um það, að vér vildum afnema einstaklingseign, er menn hafi sjálfir aflað sér og unnið fyrir, þá eign, er sé grundvöllur alls einstaklingsfrelsis, persónulegra athafna og persónulegs sjálfstæðis.

Eign, er menn hafa aflað sér og erjað fyrir sjálfir! Eruð þér að tala um eign smáborgara og smábænda, sem var undanfari hins borgaralega eignarréttar? Vér þurfum ekki að afnema þá eign, iðnaðarþróunin hefur afnumið hana og gerir það enn dag hvern. (s. 195)

Hér er látið eins og sjálfseignarbændur og smáatvinnurekendur hafi heyrt sögunni til þegar um miðja 19. öld. En reyndin er sú að smáfyrirtæki í einkaeign voru þá, eins og nú, stór hluti af hagkerfum Vesturlanda.

Ekki er nóg með að höfundar *Kommúnistaávarpsins* láti sem efnahagslegur veruleiki sé miklu einfaldari en hann er í raun réttur. Þeir skrifa líka eins og allt mannlífið falli að einföldu líkani af átökum tveggja stétta. Af þessu leiða þeir alls konar firrur. Sú sem frægust er af endemum er líklega að mannkynið myndi ekki lengur þjóðir heldur aðeins stéttir:

Kommúnistum er enn brugðið um það, að þeir vilji afnema föðurlandið, þjóðernið.

Verkamenn eiga ekkert föðurland. Það, sem þeir ekki eiga, verður ekki af þeim tekið. (s. 202)

Loftbornar frelsishugsjónir

Á 17. öld, tveim árhundruðum áður en *Kommúnistaávarpið* varð til, urðu þáttaskil í stjórnmálhugsun Vestur-Evrópu. Það er hægt að lýsa þessum tímamótum á marga vegu en eitt af því sem breyttist var að stjórnmálhugsjónir tóku í mjög auknum mæli að snúast um frelsi. Tveir af áhrifamestu stjórnspekingum aldarinnar, jafnaldrarnir Benedict Spinoza (1632–1677) og John Locke (1632–1704), mæltu báðir fyrir trúfrelsi, frjálsum viðskiptum og persónufrelsi og boðskapur þeirra hafði mikil áhrif á þróun upplýsingarstefnunnar á 18. öld.

Þegar þeir Spinoza og Locke töluðu um frelsi í pólitísku samhengi áttu þeir einkum við frelsisréttindi af því tagi sem stundum eru kölluð borgararéttindi og stundum mannréttindi. Viðleitni þeirra snerist um að tryggja tiltekin réttindi fremur en algert og ótakmarkað frelsi á öllum sviðum. Arftakar þeirra á 18. og 19. öld gengu miklu lengra og umræðan um frelsi varð sem tímar liðu æ háfleygari og fjær því að snúast um tiltekin réttindi, eins og prentfrelsi, eða pólitísk úrlausnarefni, eins og sambúð ólíkra trúflokka. Hæst risu þessir loftkastalar í ritum Georgs Hegel (1770–1831).

Svo mótsagnakennt sem það kann að virðast er marxisminn hluti af þeim kór sem hrópaði á algert frelsi öllum til handa. Í lok annars hluta *Kommúnistaávarpsins*, þar sem höfundar lýsa pólitískri stefnu sinni, víkja þeir að draumalandinu sem þeir sjá fyrir sér eftir að öreigarnir hafa tekið öll völd. Það sem þeir lýsa er fyrst og fremst draumur um einhvers konar frelsi.

Í stað hins gamla borgaralega þjóðfélags með stéttum sínum og stéttaandstæðum rís þá upp samfélag manna, þar sem frjáls þróun hvers einstaklings er skilyrði fyrir frjálsri þróun heildarinnar. (s. 206)

Frelshugsjónir Marx og Engels mótuðust einkum fyrir áhrif frá Hegel. Hann áleit að frelsi hefði ýmsar hliðar en allt væru það hliðar á sama veruleika sem væri hið *algera frelsi* (Absolute Freiheit). Þetta algera frelsi áleit hann í senn tilgang ríkisins og lokamarkmið mannkynssögunnar.²

Ein þessara hliða er frelsi viljans – vald manns yfir sínum eigin hugsunum, gildismati og vali og hæfileiki til að stjórna því hvort og hvernig hann lætur undan löngunum sínum. Önnur hlið frelsisins er að fá að fara sínu fram án þess að vera beittur þvingunum eða ofbeldi af öðrum, að hafa svigrúm og geta hagað athöfnum sínum að vild, valið sér atvinnu, búsetu, trúfélag og fleira. Þessa gerð frelsis kallaði Hegel ýmist borgarlegt frelsi eða persónufrelsi.

Í munni flestra merkir orðið *frelsi* líklega ýmist frelsi viljans eða persónufrelsi. En Hegel taldi þetta aðeins tvær hliðar á einhverju stærra og meira, nefnilega hinu algera frelsi sem felur í sér að menn hafi fullkomna og sameiginlega stjórn á eigin lífi. Þetta er sú hugsjón sem Sverrir Kristjánsson orðaði betur en flestir aðrir þegar hann sagði um óskaland sitt:

Þetta þjóðfélag gnæfir ekki lengur yfir mönnum eins og annarlegt afl, sem ekki er af mannsins heimi. Þetta þjóðfélag er þeirra verk, og þeir vita það. Hver óbreyttur verkamaður í ríki sósíalísmans getur sagt með meira rétti en sólarkonungur Versala sagði um ríki sitt: *Sósíalísminn – það er ég!* (s. 149–150)

Hegel áleit að hið algera frelsi hefði fleiri hliðar en frelsi viljans og persónufrelsi. Ein þeirra er að vera laus úr viðjum hvata og náttúrulegra orsaka. Til að botna í þessari hugmynd þarf að skoða *Samfélagssáttmálann* eftir Rousseau, en sú bók var bæði í uppáhaldi hjá forsprökkum frönsku byltingarinnar 1789 og hjá róttæklingum 19. aldar. Þar stendur:

... meðal þess sem ríki siðmenningarinnar gefur af sér er siðferðilegt frelsi. Það eitt gerir manninn sannarlega að sjálfs síns herra, því að sá sem er á valdi eðlishvatanna einna lifir í þrældómi, en hlýðni við lög sem menn setja sér sjálfir er frelsi. (s. 82)³

Í þessu sama riti talar Rousseau um almannavilja og virðist þar eiga við einhvers konar sameiginlega betri vitund eða siðferðilega skynsemi. Hann áleit að séu lögin í samræmi við þennan almannavilja láti þeir sem hlýða þeim vitið ráða og séu lausir undan oki eðlishvatanna. Í ljósi þessa er hægt að skilja þá undarlegu kenningu hans að hægt sé að þvinga menn til að vera frjálsir.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samfélagssamningurinn verði lítið annað en hégómlegt pappírssnifsi felur hann í sér þá þöglu skuldbindingu, sem er eina leiðin til að láta öðrum mátt í té, að hver sá sem neitar að gegna almannaviljanum verði neyddur til þess af heildinni allri. Þetta þýðir það eitt að mönnum verður þröngvað til að vera frjálsir. Það skilyrði veitir föðurlandinu

² Ítarlegri greinargerð fyrir stjórn málaheimspeki Hegels má finna á s. 206–241 í Atli Harðarson, *Vafamál*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998.

³ Tilvitnanir Rousseau eru teknar úr þýðingu Björns Þorsteinssonar og Más Jónssonar á *Samfélagssáttmálanum* sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út árið 2004.

umráð yfir sérhverjum borgara sínum og felur jafnframt í sér tryggingu þess að hann verði ekki háður öðrum. (Bl. 80.)

Þegar þessu hefur verið bætt við annað sem Hegel sagði um frelsið er hugtakið orðið ansi bólgið og jafnvel mótsagnakennt, því þessi kenning Rousseau kemur illa eða ekki heim við kröfur um persónufrelsi. En ég held að það sé ekki nokkur leið að skilja aðdráttarafl kommúnismans og hugmyndir marxista um betra mannlíf eftir byltingu nema í ljósi þessara nokkuð svo yfirdrifnu og ofvöxnu frelsishugsjóna eða draumóra um að menn öðlist æðra frelsi en kostur er á í borgaralegu samfélagi með því móta líf sitt saman á meðvitaðan hátt og í samræmi við sína betri vitund sem jafnframt er einhvers konar almannavilji.

*

Íslendingar þekkja aðdáun róttækra vinstri manna á Rousseau til dæmis af bók Einars Olgeirssonar, *Rousseau*, sem kom út á Akureyri árið 1925. Eins og fyrr er getið þýddi Einar *Kommúnistaávarpið* í félagi við Stefán Pétursson snemma á síðustu öld. Hann var líka einn af stofnendum Kommúnistaflokksins 1930 og formaður Sósíalistaflokksins frá stofnun hans 1939. Í inngangi bókarinnar segir hann að Rousseau hafi verið:

... málsvari miljóna, sem annars áttu enga að, verjandi smælingja, sem traðkaðir voru undir fótum höfðingjanna, frömuður frelsis, sem herskarar hinna kúguðu þráðu, talsmaður sannleika, sem auðmenn og aðall hæddi, boðberi ástar, sem hræsni og ljettúð misþyrmdu, söngvari náttúrunnar, er menningin afskræmdi og eyðilagði, skáld tilfinninga, sem vaninn og formið fjötruðu ...

Kenningu Rousseau um frelsi og almannavilja má víða lesa milli línanna í skrifum kommúnista og einhver hugmynd í þessa veru er líklega forsenda fyrir þeirri sannfæringu að í ríki kommúnismans geti hver og einn litið á samfélagið sem sitt verk.

Ef menn kyngja þessum hugmyndagraut virðist þeim ef til vill ekki svo ótrúlegt að menn séu frjálstari þar sem borgaraleg réttindi hafa verið afnumin og kommúnistaflokkur hefur alræðisvald heldur en við þá samfélagsskipan sem þróast hefur Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. En þessar hugmyndir Rousseau og fleiri róttæklinga um frelsi og almannavilja, svo ekki sé talað um hina hátimbruðu frelsisheimspeki Hegels, eiga lítinn hljómgrunn hjá öðrum en þeim sem lifa langt frá vettvangi dagsins í heimi bóka og fræðilegrar umræðu.

*

Til að skilja aðdráttarafl marxismans þarf að skoða hann sem hluta af hugmyndaheimi evrópskrar róttækni. Þessi hugmyndaheimur býður upp á einföldun á flóknum veruleika og drauma um meiri stjórn á eigin tilveru en mönnum stendur til boða í þessum heimi.

Mér finnst trúlegt að þessi hugmyndaheimur haldi áfram að laða til sín fólk af því tagi sem lifir í heimi stórra kenninga, kannast lítt eða ekki við sín mannlegu takmörk og vill fremur byggja sér loftkastala og skýjaborgir en hokra á jörðinni.